

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Sigurðsson
Suðurlandsvegi 1
850 Hella

Reykjavík, 6. september 2021
Tilvísun: 202108008 / 3.4

Efni: Næfurholt, Rangárþing ytra

Rangárþing Ytra hefur, með erindi dags. 26. júlí, 2021, sent Skipulagsstofnun ofangreint deiliskipulag til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 41. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 7. júlí 2021. Deiliskipulagið var samþykkt í sveitarstjórn, þann 22. júlí 2021. Engar athugasemdir bárust frá almenningi á kynningartímanum en umsagnir bárust eftirtöldum umsagnaraðilum: Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Umhverfisstofnun og Landsneti.

Í deiliskipulaginu felst að heimilað er að byggja einbýlishús, bílskúr og skemmu á tveimur lóðum á 0,9 ha spildu í landi Næfurholts.

Deiliskipulagið er sett fram á kortblaði með greinargerð og uppdrætti í mkv. 1:1.500/10.000, dags. 29. apríl 2021 (breytt 6. ágúst 2021)

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda vegna ósamræmis við gildandi heimildir í aðalskipulagi Rangárþings Ytra 2016-2028 um heimilaða uppbygginu á allt að 3 ha lóðum/skikum á landbúnaðarsvæðum.

Þá gerir stofnunin athugasemd við framsetningu deiliskipulagsins. Eðlilegt er að skipulagssvæðið nái til svæðis sem myndar heildstæða einingu og að afmörkun deiliskipulags nái einnig yfir þau mannvirki sem þegar eru byggð sbr. gr. 5.3.2. skipulagsreglugerð. Í deiliskipulaginu þarf að gera grein fyrir þeim bygggingum sem fyrir eru.

Skipulagsstofnun minnir á að sveitarstjórn skal taka athugasemdir Skipulagsstofnunar til umræðu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga.

Beðist er velvirðingar á þeirri töf sem orðið hefur á afgreiðslu erindisins.


Sigríður Björk Jónsdóttir